

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.12.2015
Málalýkill	10.51
Mál nr.	1512104

Til bæjarstjórans í Garðabæ, Hr. Gunnars Einarssonar.
Athugasemdir vegna snjómoksturs frá íbúum Móaflatar 22.

Öll árin, sem við höfum búið hér, höfum við mátt sæta því, að snjóruðningi af götunni er ýtt fyrir okkar innkeyrslu. Fram til þessa hef ég (Kristján) verið maður til að moka mig út í gegnum samnþjappaðan ruðninginn, en það er ekki lengur mögulegt.

Ruðningur er alltaf hreinsaður frá innkeyrslum í botnlangagötturnar. Það er einkennilegt að við skulum aldrei njóta samskonar þjónustu, heldur er nánast lokað fyrir okkar innkeyrslu í hvert sinn sem ryðja þarf snjó af götunni,

Það hlýtur að orka tvímælis, hvort löglegt er að moka fyrir innkeyrslu að nokkrum húsanna, en hreinsa frá öðrum. (Það er oftast hreinsað frá no. 24) Það er spurning hvort ekki væri betra að láta götuna ómokaða.

Í dag, sunnudaginn 6. Des. , festi ég (Kristján) bílinn illa í samanþjöppuðum ruðmingnum fyrir framan innkeyrsluna.

Það var eingöngu mögulegt að losa bílinn með hjálp nágranna og jeppa sem dró mig úr festunni. Það kom í ljós að bíllinn hafði sezt fastur á klakabinginn. Hefði getað misst púströr undan bílnum þegar hann var losaður.

Við krefjumst þess, að við þessaar aðstæður, verði öllu verklagi breytt og framvegis hreinsað frá okkar innkeyrslu (og reyndar allra annarra við götuna líka).

Sýnið það nú, að þið hafið ekkert á móti því að eldri borgarar búi eins lengi heima hjá sér og hægt er. Ef ekki verður á þessu breyting verðum við að óska eftir heimilishjálp til að moka burt ruðninginn ykkar, sem við gerum hér með.

Virðingafyllst,
Inga Eiríksdóttir
020836-3779
Kristján Jóhannesson
230431- 3109